

Umboðsmaður skuldara

HVAÐ ER GJALDÞROT?

Gjaldþrot er fullnustugerð sem felur í sér að andvirði eigna skuldara er ráðstafað til að greiða skuldir hans. Ef engar eignir eru til staðar getur gjaldþrotaskiptum lokið án þess að nokkuð fáist greitt upp í skuldir. Héraðsdómur þarf að kveða upp úrskurð um gjaldþrotaskiptin. Skuldari getur sjálfur krafist skipta á búi sínu og einnig kröfuhafar.

SKILYRÐI ÞESS AÐ ÓSKA SJÁLFUR EFTIR SKIPTUM

Skuldari getur krafist þess að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskipta ef hann getur ekki staðið í fullum skilum við kröfuhafa sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki verður talið sennilegt að greiðsluörðugleikar hans muni líða hjá innan skamms tíma.

HVERNIG ÓSKA ÉG EFTIR GJALDÞROTASKIPTUM?

Krafa um gjaldþrotaskipti skal vera skrifleg og beint til héraðsdómstóls í því umdæmi þar sem skuldari hefur lögheimili eða dvalarstað, ef hann er annar en lögheimili. Í kröfunni þurfa að koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- Að skuldari krefjist þess að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta og krafan styðjist við 64. gr. laga nr. 21/1991.
- Fullt nafn skuldara og kennitala.
- Lögheimili skuldara og dvalarstaður, ef hann er annar en lögheimili.
- Upplýsingar um hvort skuldari stundar atvinnurekstur. Ef svarið er já, þarf að koma fram:
    a. Stutt lýsing á því um hvernig rekstur er að ræða.
    b. Hvar reksturinn fer fram.
    c. Hvort um er að ræða firma sem ber sérstakt heiti og kennitölu.
- Skýr lýsing á málsatvikum og rökum skuldara, þ.e. hvernig fjárhagur skuldara hafi komist í það horf að hann telji rétt að krefjast gjaldþrotaskipta á búi sínu.
- Sundurliðaðar upplýsingar um eignir og skuldir skuldara. Taka þarf fram hve mikill hluti skulda er gjaldfallinn/í vanskilum.
- Mánaðarlegar tekjur og útgjöld og hver greiðslugetan er í hverjum mánuði til að greiða af skuldum.

Kröfunni þurfa að fylgja gögn sem sýna fram á að skuldari geti ekki staðið í skilum við kröfuhafa þegar kröfur falla á gjalddaga, s.s.:

- Síðasta skattframtal ásamt staðgreiðsluyfirliti eða launaseðlum fyrir þá mánuði sem hafa ekki verið taldir fram á framtali.
- Greiðsluseðlar.
- Endurrit úr gerðarbók sýslumanns um að árangurslaust fjárnám hafi verið gert hjá skuldara.

ATH: Að jafnaði þarf að leggja fram tvö pappírseintök af kröfunni og fylgigögnum.

HVAÐ KOSTAR AÐ ÓSKA EFTIR GJALDÞROTI?



280.000 kr.

Skuldari þarf að leggja fram 280.000 kr. í tryggingu fyrir skiptakostnaði, ef ekki er ljóst að eignir hans standi undir skiptakostnaði.



20.000 kr.

Skuldari greiðir jafnframt 20.000 kr. dómsmálagjald þegar krafa um gjaldþrotaskipti er lögð fram.

Skiptatryggingu er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd skiptanna, s.s. launum skiptastjóra.



Hægt er að sækja um fjárhagsaðstoð hjá umboðsmanni skuldara fyrir greiðslu skiptakostnaðar. Uppfylla þarf ákveðin lagaleg skilyrði til að fá umsókn samþykkta.
Nánari upplýsingar eru á vefsíðu embættisins, www.ums.is

BOÐUN Í ÞINGHALD

Þegar lögð er fram krafa um gjaldþrotaskipti hefst málsmeðferð fyrir héraðsdómi. Dómari fer yfir kröfuna og fylgigögn hennar. Hann getur óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum telji hann þörf á. Skuldari er boðaður til þinghalds þar sem krafan er tekin fyrir, ef skilyrði til gjaldþrotaskipta eru fyrir hendi og skiptatrygging hefur verið greidd.

Mikilvægt þegar krafa kemur frá skuldara:

Skuldari verður sjálfur að mæta í það þinghald eða lögmaður hans samkvæmt umboði. Aðrir geta ekki mætt fyrir skuldara á grundvelli umboðs. Ef skuldari eða lögmaður fyrir hans hönd mæta ekki í þinghald, telst krafan afturkölluð og skiptatryggingin verður þá endurgreidd.

Úrskurður er oft kveðinn upp í þinghaldinu og skiptastjóri skipaður á sama tíma.

HVERNIG GANGA GJALDÞROTASKIPTI FYRIR SIG?

Við úrskurð um gjaldþrotaskipti verður til sérstakur lögaðili, þrotabú, sem tekur við öllum skuldum og eignum skuldara. Við úrskurðinn falla **allar kröfur** á hendur þrotabúi í gjalddaga.

- Skipaður er skiptastjóri sem fer með forræði búsins. Skiptameðferð tekur alla jafna nokkra mánuði. Ef skiptameðferð dregst á langinn skal hafa samband við skiptastjóra.
- Skiptastjóri birtir auglýsingu í Lögbirtingablaði um að bú skuldara hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta. Auglýsingin kallast innköllun. Með innkölluninni er kröfuhöfum veittur frestur til að lýsa kröfum sínum fyrir skiptastjóra og halda þannig uppi kröfum sínum á hendur þrotabúinu.
- Skiptastjóri kannar hvort riftanlegar ráðstafanir hafi átt sér stað í aðdraganda gjaldþrots, t.d. undanskot eigna.
- Skiptastjóri tekur ákvarðanir um hvernig eignum og réttindum búsins verður ráðstafað.
- Skuldara ber að mæta á fund sem skiptastjóri boðar hann á og veita þær upplýsingar sem skiptastjóri krefst. Þá ber skuldara að afhenda eignir sem tilheyra þrotabúinu.

MIKILVÆG ATRIÐI

- Strax í kjölfar úrskurðar um gjaldþrotaskipti mun skiptastjóri óska eftir að öllum reikningum og greiðslukortum skuldara sé lokað. Skuldari getur alla jafna stofnað nýjan innlánsreikning án heimildar eða fengið fyrirframgreitt kreditkort.
- Vinnulaun sem skuldari vinnur sér inn á meðan á gjaldþrotaskiptum stendur renna til hans sjálfs.
- Skuldari fær að halda eftir þeim eignum sem ekki er gert fjárnám í, t.d. lausafjármunum til að halda látlaust heimili, nauðsynlegum lausafjármunum vegna örorku eða heilsubrests eða munum sem notaðir eru vegna atvinnu (regla um hámarksvirði).
- Skiptastjóri getur óskað eftir því að skuldari verði tekinn af launagreiðendaskrá og að virðisaukaskattsnúmeri hans verði lokað.
- Þrotabúið yfirtekur hlut skuldara í félagi og leitast við að koma honum í verð.
- Skiptastjóri getur sagt upp samningi um leigu.

LOK GJALDÞROTASKIPTA OG FYRNING SKULDA

- Gjaldþrotaskiptum getur lokið með úthlutun fjármuna til kröfuhafa ef eignir eru í búinu eða án úthlutunar ef engar eignir eru fyrir hendi.
- Skuldir sem ekki fást greiddar við skiptin fyrnast (falla niður) þegar tvö ár eru liðin frá lokum skiptanna, nema fyrningu sé slitið. Með fyrningarslitum er átt við að það hefst nýr fyrningarfrestur skv. reglum laga.
- Kröfuhafi getur aðeins slitið fyrningu með því að fá dóm um viðurkenningu á fyrningarslitum. Ströng skilyrði eru fyrir því að fá slíkan dóm.
- MIKILVÆGT: Ef kröfuhafi höfðar viðurkenningarmál til slita á fyrningu kröfu þarf skuldari að taka til varnar í málinu, ella getur verið dæmt sjálfkrafa eftir dómkröfu kröfuhafans.
- Vakin skal athygli á því að tveggja ára fyrningarfrestur og sérreglur um slit fyrningar, **gilda ekki um kröfur Menntasjóðs námsmanna** (námslán) en um þær kröfur gilda ákvæði laga um fyrningu kröfuréttinda.
- Skuldari getur sjálfur slitið fyrningu á þessum tveimur árum með því að greiða af eða viðurkenna skuld. Launaafdráttur slítur ekki fyrningu.

INNHEIMTA Á TVEGGJA ÁRA FYRNINGARTÍMA

- Þrátt fyrir að kröfuhafar geti ekki slitið fyrningu nema með viðurkenningardómi, geta þeir haldið áfram innheimtu á tveggja ára fyrningartíma.
- Kröfurhafar/innheimtuaðilar meta hvort þeir innheimta kröfur sínar á hendur skuldurum sem eru búsettir erlendis. Í ákveðnum ríkjum heimilar regluverk að beitt sé launaafdrætti vegna íslenskra krafna sem eru innheimtar í viðkomandi ríki.
- Innheimtumenn ríkissjóðs hafa heimild, á tveggja ára fyrningartíma, að krefja vinnuveitanda um að halda eftir allt að 75% af heildarlaunagreiðslu til launþega, ef um skuldir á þing- og sveitarsjóðsgjöldum er að ræða.
- Sýslumaður hefur heimild, á tveggja ára fyrningartíma, til að krefja vinnuveitanda um að halda eftir allt að 50% af heildarlaunagreiðslu til launþega, ef um meðlagsskuldir er að ræða.
- Hægt er að gera greiðsluáætlun um lækkun launaafdráttar hjá Skattinum og sýslumanni. Undirritun greiðsluáætlunar um lækkun launaafdráttar vegna þing- og sveitarsjóðsgjalda eða meðlagsskulda, sem falla undir gjaldþrotaskipti, slítur ekki fyrningu þeirra.
- Sé gerð greiðsluáætlun um greiðslu meðlagsskulda á fyrningartíma, fara greiðslur alla jafna upp í eldri skuld nema samið sé um annað. Mikilvægt er að huga að því hvort ný meðlagsskuld sé að safnast upp eftir gjaldþrotið.
- Vakin skal athygli á því að sýslumaður getur tekið ákvörðun um að vararefsingu fésektar verði beitt á tveggja ára fyrningartíma, ef innheimtugaðgerðir eru þýðingarlausar eða fullreyndar.

Í KJÖLFAR GJALDÞROTS



Gjaldþrotaskipti eru skráð á vanskilaskrá Creditinfo í tvö ár og hafa neikvæð áhrif í tiltekinn tíma á lánshæfismat sem fyrirtækið gefur út.



Viðskiptabanki skuldara getur skráð gjaldþrotið í viðskiptasögu viðkomandi, sem hefur þá neikvæð áhrif á lánshæfismat hans hjá bankanum. Óski skuldari eftir fyrirgreiðslu að nýju eftir gjaldþrot er framkvæmt einstaklingsbundið mat þar sem ýmsir þættir koma til skoðunar, s.s. greiðslugeta skv. greiðslumati, tryggingar, umfang gjaldþrotaskiptanna, tími sem er liðinn frá gjaldþrotaskiptum o.fl.



Ábyrgðarskuldbindingar verða virkar í kjölfar gjaldþrots.



Vakin skal athygli á því að ef skuldari vill greiða áfram af námsláni í kjölfar gjaldþrots, getur hann samið við Menntasjóð námsmanna um að draga gjaldfellingu lánsins til baka að uppfylltum skilyrðum og hafið greiðslur með hefðbundnum hætti.

FERLI GJALDÞROTASKIPTA

Krafa um gjaldþrotaskipti lögð fram hjá héraðsdómi.

Nokkrar vikur líða þar til héraðsdómari boðar þinghald.

Boðun í þinghald - úrskurður um gjaldþrot og skiptastjóri skipaður.

Skiptameðferð tekur alla jafna nokkra mánuði.

Skiptameðferð lokið. Fyrningarfrestur krafna byrjar að líða.

2 ár.

Fyrningarfrestur liðinn, kröfur falla niður hafi fyrningu ekki verið slitið (gildir ekki um námslán).

Sími
512 6600

Netfang
ums@ums.is

Heimilisfang
Hlíðasmári 11
201 Kópavogur

ÚTGEFIÐ AF UMS 2026